Borgarráð

Reykjavík, 24. nóvember 2026
MSS26060185

Ráðningarreglur Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðar reglur um ráðningar hjá Reykjavíkurborg sem taka eiga gildi þann 1. janúar 2027. Reglurnar leysa af hólmi tímabundnar reglur um ráðningar sem gilda til ársloka 2026. Þann 2. júlí sl. var samþykkt í borgarráði að fela starfshópi um ráðningarýni að endurskoða ráðningarreglurnar. Með ráðningarreglunum verður fyrirkomulagið varanlegt með þeim breytingum sem starfshópurinn leggur til og byggja á reynslu undanfarinna ára, umsögnum fagsviða og könnun meðal stjórnenda.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Minnisblað starfshóps um ráðningarýni til borgarstjóra, dags. 24. nóvember 2026.
Drög að reglum um ráðningar hjá Reykjavíkurborg, ódags.

Reykjavík

Viðtakandi: Hildur Björnsdóttir borgarstjóri
Sendandi: Starfshópur um ráðningarýni

Reykjavík, 24. nóvember 2026
Málsnúmer: MSS24120076

MINNISBLAÐ

Tillaga að ótímabundnum reglum um ráðningar hjá Reykjavíkurborg

Starfshópur um ráðningarýni leggur til að borgarstjóri leggi fyrir borgarráð að meðfylgjandi reglur um ráðningar hjá Reykjavíkurborg verði staðfestar og taki gildi 1. janúar 2027. Reglurnar leysa af hólmi tímabundnar reglur um ráðningar sem gilda til ársloka 2026. Með þeim verður fyrirkomulagið varanlegt með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér á eftir og byggja á reynslu undanfarinna ár, umsögnum fagsviða og könnun meðal stjórnenda.

Aðdragandi

Tímabundnar reglur um ráðningar hafa gilt hjá Reykjavíkurborg frá 1. nóvember 2022. Markmið þeirra er að tryggja að ráðningar séu innan fjárheimilda og að einungis sé ráðið þegar brýn þörf er á að manna starf til að tryggja þjónustu. Samþykkt var í borgarráði 2. júlí 2026 að fela starfshópi um ráðningarýni að endurskoða reglurnar, meta hvernig til hefði tekist við framfylgd þeirra, skerpa á framkvæmd og leggja til úrbætur. Jafnframt var starfshópnum falið að meta hvort gera ætti reglurnar ótímabundnar.

Í hópnum sitja Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs, Þorsteinn Gunnarsson borgarritari og Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs. Starfsmaður starfshópsins er Edda Björk Ragnarsdóttir frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Gagnaöflun og samráð

Óskað var eftir umsögnum fag- og kjarnasviða um gildandi tímabundnar reglur um ráðningar í júlí 2026. Umsagnir bárust frá skóla- og frístundasviði, þjónustu- og nýsköpunarsviði, umhverfis- og skipulagssviði, menningar- og íþróttasviði og velferðarsviði. Umsagnirnar voru almennt jákvæðar. Sviðin telja reglurnar hafa aukið yfirsýn yfir ráðningar, stuðlað að auknu aðhaldi og markvissari nýtingu fjárheimilda. Ekkert sviðanna lagði til að reglurnar yrðu lagðar niður. Helstu ábendingar sneru að því að loka þeirri leið að unnt sé að ganga frá ráðningasamningi án þess að leitað sé heimildar hjá ráðningateymi sviðsins en jafnframt á það bent að áfram yrði gætt að sveigjanleika og skilvirkni í framkvæmd.

Könnun var send öllum 488 stjórnendum borgarinnar dagana 24. til 31. ágúst um notagildi og viðhorf stjórnenda til gildandi reglna um ráðningar og svöruðu könnunni 190 þeirra (39%). Helstu niðurstöður könnunarinnar voru:

- Framkvæmdin þykir einföld (50% einfalt á móti 14% flókið) og 62% telja reglurnar ekki hafa haft teljandi áhrif á þjónustu.
- 34% stjórnenda höfðu ráðið í starf án þess að senda inn beiðni um heimild til ráðningar. Eftirfylgni var því ekki tryggð í ferlinu.
- Afstaða til þess að hafa reglur um ráðningar áfram skiptist í þrennt: 32% mæltu með áframhaldi í einhverri mynd, 37% ekki og 25% voru óviss.
- Helsta gagnrýnin sneri að töfum á afgreiðslu, tvíverknaði við ráðningar innan þegar samþykktra stöðugilda og upplifun um vantraust í garð stjórnenda.

Meginbreytingar í nýjum reglum

Nýju reglurnar halda grunni tímabundnu reglnanna en taka á þeim vanköntum sem reynslan hefur sýnt og komu fram í umsögnum frá sviðum og í niðurstöðum í könnunnii meðal stjórnenda. Helstu áherslur:

- Skýr meginregla um að laust starf eða stöðugildi feli ekki sjálfkrafa í sér heimild til ráðningar og að heimildar skuli í öllum tilvikum aflað áður en gengið er til ráðningar.
- Ákvörðun um ráðningu er á ábyrgð ráðningateymis innan hvers fagsviðs.
- Samþykkt ráðningarheimild verður tæknileg forsenda ráðningar. Ekki verður unnt að birta atvinnuauglýsingu í umsókna- og ráðningarkerfinu nema samþykkt beiðni liggi fyrir og heimild þarf til að hægt sé að ganga frá ráðningasamningi. Það lokar þeirri leið sem skv. könnuninni 34% stjórnenda höfðu nýtt sér að óska ekki heimildar til ráðningar áður en gengið var frá ráðningu.
- Ákvæði um mönnunarlíkön nær auk grunnskóla, leikskóla og frístundar, þjónustuúrræða á sviði velferðarmála og annarrar sambærilegrar starfsemi til sundlauga, , í samræmi við ábendingu menningar- og íþróttasviðs.
- Sveigjanleiki við frávik er formfestur. Ráðningarteymi getur samþykkt beiðni á grundvelli aðgerðaáætlunar um viðbrögð við frávikum og í undantekningartilvikum vegna brýnnar þarfar, enda sé fjármálastjóra sviðs gert viðvart.
- Eftirlit með framkvæmd reglnanna verður hjá fjármála- og áhættustýringarsviði, eða skrifstofu fjármálaþjónustu og innkaupa í umboði þess, í tengslum við reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar. Ekki verður áfram starfandi miðlæg ráðningarnefnd.
- Mælaborð um fjölda stöðugilda og stöðu rekstrar í samanburði við áætlanir verður aðgengilegt stjórnendum og eftirlitsaðilum og sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs leggur ársfjórðungslega upplýsingar um þróun ráðninga og stöðugilda fyrir yfirstjórn.

Framkvæmd og kerfisbreytingar

Mannauðs- og starfsumhverfissvið telur kerfisbreytingarnar á umsókna- og ráðningarkerfi vel framkvæmanlegar til að tryggja framkvæmd reglnanna. Kostnaðarmat

liggur fyrir vegna einskiptis kostnaðar og er 2.1 m.kr. til að gera breytingar á umsókna- og ráðningakerfinu. Í dag setur stjórnandi sjálfur auglýsingu inn í umsókna- og ráðningakerfið án takmarkanna en breytingin felur í sér að stjórnandi mun ekki geta sett auglýsingu í birtingu og hafið ráðningaferli í umsókna- og ráðningakerfi heldur mun auglýsing um laust starf fara sjálfkrafa í birtingu þegar ráðninganefnd sviðs hefur staðfest beiðni um heimild til ráðningar í viðkomandi starf. Mælaborðið Stjórnandinn verður einnig uppfært þannig að áætluð stöðugildi verði skráð þar inn og borin saman við raunstöðugildi og starfsmannavelta tengd nýja launakerfinu. Við þessar breytingar mun ráðningarbeiðnin færast frá því að vera gerð í Agresso yfir í umsókna- og ráðningakerfið Ráðný. Leiðbeiningar til stjórnenda og verklag eru jafnframt í endurskoðun. Tryggt verður að sömu tölulegu upplýsingar um fjölda ráðningabeiðna og nú er unnt að taka úr kerfunum verði áfram aðgengilegar.

Næstu skref

Fallist borgarstjóri á tillöguna verður málið lagt fyrir borgarráð til staðfestingar. Tímabundnu reglurnar falla úr gildi um áramót og þarf staðfesting borgarráðs því að liggja fyrir áður en árið er úti svo nýtt fyrirkomulag taki við án rofs.

Fylgiskjöl

Drög að reglum um ráðningar hjá Reykjavíkurborg.

Virðingarfyllst,

Starfshópur um ráðningarýni
Lóa Birna Birgisdóttir
Þorsteinn Gunnarsson
Halldóra Káradóttir
Edda Björk Ragnarsdóttir, starfsmaður hópsins

Reykjavík

Reykjavíkurborg

Reglur um ráðningar hjá Reykjavíkurborg

1. Laust starf/stg. felur ekki sjálfkrafa í sér heimild til ráðningar.
2. Áður en gengið er til ráðningar skal í öllum tilvikum aflað heimildar til ráðningar hjá ráðningateymi viðkomandi sviðs.
3. Við undirbúning ráðninga skal stjórnandi starfsstaðar skoða og taka rökstudda afstöðu til þess hvort mögulegt sé að hætta við ráðninguna eða fresta tímabundið.
    a. Stjórnendur skulu meðal annars meta hvort annað starfsfólk getur sinnt viðkomandi verkefnum, hvort hægt sé að draga úr eða hætta viðkomandi verkefni, hvort hægt sé að fresta upphafsdegi ráðningar eða hvort um þjónustu er að ræða sem að mati stjórnanda sé ekki unnt að skerða.
    b. Stjórnandi skal jafnframt leggja mat á áhrif þess ef ráðningu er frestað eða ekki er ráðið í starf, t.a.m. hvort draga þurfi úr þjónustu, endurskipuleggja fresta verkefni/verkefnum, sinna með öðrum hætti, nýta stafrænar lausnir eða hætta með verkefni/þjónustu.
4. Sé það niðurstaða stjórnanda er að nauðsynlegt sé að ráða í starf skal hann senda inn rökstudda beiðni um heimild til ráðningar til ráðningateymis sviðs.
5. Ráðningateymi sviðs fer yfir beiðni stjórnanda og leggur mat á ráðningabeiðnina. Fyrir liggi staðfest mat stjórnanda á því að áfram sé þörf fyrir starfið, að verkefnin verði ekki leyst með öðrum hætti og að ráðningin rúmist innan samþykktra fjárheimilda og áætlunar um fjölda stöðugilda.
6. Ef það er mat ráðningateymis að beiðnin uppfylli ofangreinda matsþætti og brýnt sé að heimila ráðningu þá samþykkir ráðningateymi beiðnina.
7. Heimildir til ráðninga í grunnskóla, leikskóla og frístund taki mið af mannaflaþörf í samræmi við samþykkt úthlutunar- og reiknilíkön málaflokkanna. Heimild til ráðningar skal jafnframt taka mið að stöðu rekstrar og fjárheimilda starfsstaðar. Sama á við um sundlaugar, þjónustuúrræði á sviði velferðarmála og aðra sambærilega starfsemi þar sem unnið er með skilgreind mönnunarlíkön.
8. Ef greining á stöðu rekstrar leiðir í ljós að starfsstaður er ekki innan fjárheimilda og/eða stöðugildi eru umfram áætlanir, ber stjórnanda starfsstaðar að skila sviðsstjóra tillögum um viðbrögð sem tryggja að starfsemin haldist innan fjárheimilda, samanber *Reglur Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar*. Sé það mat ráðningateymis að brýn þörf sé samt sem áður á að manna umrætt starf þá samþykktir ráðningateymi beiðnina á grundvelli aðgerðaáætlunar eða tillagna um viðbrögð við frávikum. Í undantekningatilvikum getur ráðningateymi samþykkt beiðni starfsstaðar án þess að fyrir liggi viðbrögð starfsstaðar við frávikum í rekstri, sé til þess brýn þörf, enda verði fjármálastjóra sviðsins gert viðvart um stöðuna.
9. Fjármála- og áhættustýringarsvið eða skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa í umboði sviðsins, hefur eftirlit með framkvæmd reglnanna með hliðsjón *Reglum Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar*.
10. Sviðsstjórar og stjórnendur starfsstaða bera ábyrgð á að rekstur sé innan samþykktra fjárheimilda. Fjármálastjórar sviða fara með eftirlit með rekstri og stuðning við stjórnendur. Skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa getur kallað eftir viðbrögðum sviða og starfsstaða ásamt aðgerðaáætlun stefni rekstur og mönnun umfram heimildir.

11. Mælaborð skal vera aðgengilegt stjórnendum og eftirlitsaðilum um fjölda stöðugilda eftir starfsstöðum og þróun þeirra í samanburði við áætlanir, ásamt stöðu rekstrar í samanburði við samþykktar fjárheimildir.
12. Sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs leggur ársfjórðungslega fram á fundi yfirstjórnar Reykjavíkurborgar upplýsingar um fjölda greiddra stöðugilda í samanburði við áætluð stöðugildi, fjölda ráðninga, fjölda ráðningaheimilda sem eru staðfestar á sviðum, fjölda ráðningaheimilda hafnað og fjölda ráðninga frestað.
13. Í öllum tilvikum skal þess gætt að framkvæmd á grundvelli reglna þessara rúmist innan heimilda laga og kjarasamninga sem Reykjavíkurborg er bundin af.

Reglur þessar eru staðfestar af borgarráði og taka gildi frá og með 1. janúar 2027.